



Fundargerð 62. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 24. september 2021, kl. 10:30 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Reykjanesbæ.

Mætt eru: Magnús Stefánsson (formaður), Sigurgestur Guðlaugsson, Árni Sigfússon, Arnbjörn Ólafsson, Fannar Jónasson, Berglind Kristinsdóttir, Ásgeir Eiríksson, Sigrún Elefsen

Forföll: Hanna María Kristjánsdóttir og Jóhann Snorri Sigurbergsson

Starfsmenn: Daníel Einarsson, Þuríður Aradóttir Braun

### 1. Deiliskipulag fiskeldis á Reykjanesi – ósk um umsögn

Reykjanes Geopark leggur áherslu á að ásýnd slíkra framkvæmda og mannvirkja hafi ekki áhrif á heildarupplifun gesta á Reykjanesi og að hugað verði að umhverfinu og ásýnd svæðisins.

Taka þarf saman lýsingu á ásýnd svæðisins hvað varðar samspil iðnaðarsvæða og náttúrulegs umhverfis. Lagt til að settur verði á laggirnar aðgerðarhópur sem vinnur að tillögum að því hvernig fyrirtæki, sveitarfélög og Reykjanes Geopark geti bætt ásýnd og samspil iðnaðar, náttúru og ferðamannastaðarins Reykjanes.

Verkefnastjóra falið að vinna drög að umsögn jarðvangsins og bera undir stjórn.

### 2. Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035 vinnslutillaga – umsögn

Stjórn telur mikilvægt að samræmdar upplýsingar séu sendar inn til umsagna til sveitarfélaga og eins vegna vinnu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum á svæðisskipulagi fyrir Suðurnesin.

Verkefnastjóra falið að vinna drög að umsögn jarðvangsins og bera undir stjórn.

### 3. Gjaldtaka Reykjanes Aurora við Reykjanesvita/Valahnúk – staðan

Bréf frá byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar til Reykjanes Aurora vegna ólöglegar gjaldheimtu á bílastæðum á Reykjanesi lagt fram.

Málið er í ferli hjá skipulagsyfirköldum í Reykjanesbæ og eins er verið að vinna með lögfræðingum um málefni Reykjanes jarðvangs.

Verkefnastjóra og formanni falið að vinna málið áfram.

Ásgeir vîkur af fundi.

### 4. Eldgosið

Nú hefur ferðamálaráðherra ákveðið að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fjármagni framkvæmdir og skiltagerð á svæðinu í samræmi við tillögur starfshóps. Fjármögnun á landvörslu næstu mánuði hefur verið frágengið að hálfu UAR. Grindavíkurbæ hefur verið falið að hafa



milligöngu og vinna að samræmingu framkvæmda milli landeigenda og annarra hagaðila. Gengið hefur verið frá samningi milli ANR og Grindavíkurbæjar um fyrirkomulag á framkvæmdum og skiltum.

Elgosið hefur verið í dvala síðustu daga. Nýtt hraunlíkan var gefið út í morgun þar sem tekið er tillit til hraunrennslis sem nú þegar hefur runnið. Viðbragðsaðilar meta upplýsingar eftir því sem þær berast og unnið verður eftir því.

Vinnan framundan miðast við að bregðast við að tryggja öryggi gesta þar sem vetur er framundan og mikilvægt að huga að uppbyggingu og merkingum.

Verkefnastjóri fór aðeins yfir vöktun á erlendum fjölmiðlum og umferð á miðlum markaðsstofunnar og jarðvangsins.

#### 5. Tilnefning um stað í Vörðuna – bréf frá ANR.

Stjórnin tekur vel í erindið og felur verkefnastjóra að óska eftir frekari upplýsingum og kynningu um verkefnið.

#### 6. Uppfærsla á forgangslista framkvæmda við áningarstaði

Opnað verður fyrir umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða 27. september. Erindi til sveitarfélaga lagt fram til upplýsinga.

Reykjanes jarðvangur og Markaðsstofa Reykjanes koma til með að senda erindi á sveitarfélögin þar sem óskað er eftir uppfærslu á áhersluverkefnum hjá sveitarfélögum.

#### 7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00

Fundargerð ritaði: Daníel Einarsson

*Guðný Stefánsdóttir*  
*Stefán Jónsson*  
*Ólafur Ásta Eiríksdóttir*  
*Ólafur Á*  
*Berglind Kristinsdóttir*